

## 7. gr.

Upphæð gatnagerðargjalda samkvæmt 6. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem í gildi er, þegar lagning varanlegs slitlags fer fram. Nú breytist vísitala, meðan verk fer fram, og skal það þá miðað við meðalvísitölu á því tímabili, sem um er að ræða.

## 8. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að hækka eða lækka gjaldstuðla samkv. 1. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

## 9. gr.

Gatnagerðargjald samkv. 6. gr. greiðist þannig að 20% greiðist, þegar lagningu varanlegs slitlags er lokið. Eftirstöðvar greiðast með jöfnum árlegum afborgunum á næstu 4 árum.

Gjaldddagi afborgana er 1. júlí. 10% vextir greiðast eftir á á sömu gjalddögum.

## 10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á og gengur það ásamt vöxtum fyrir öllum veðkröfum, sem á eigninni hvíla og tekur það einnig til váttryggingarfjár eignarinnar.

Heimilt er að taka gjöld samkvæmt lögum þessum lögtaki skv. lögum nr. 29/1885.

## 11. gr.

Heimilt er sveitarstjórn að fresta innheimtu gatnagerðargjalda af eigendum fasteigna, sem hafa náð 67 ára aldri og þeim, sem eiga við langvarandi sjúkdóma að stríða.

Verði húseign seld, sem gjaldfrest hefur fengið á gatnagerðargjaldi, skal sveitarstjórn innheimta gjaldið eins og það var, þegar álagning fór fram, enda sé kvöðinni þinglýst á viðkomandi fasteign.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Patrekshrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum um gatnagerðargjöld nr. 51/1974 til þes að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 12. mars 1976.*

**F. h. r.**

**Hallgrímur Dalberg.**

*Skúli Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um gatnagerðargjöld í Flateyrarhreppi.

## 1. gr.

Húseigendur í Flateyrarhreppi skulu greiða til hreppssjóðs Flateyrarhrepps gatnagerðargjald af hverjum rúmmetra byggingar, sem nemur ákveðnum hundraðshluta byggingarkostnaðar pr. m<sup>3</sup> eins og hann er á hverjum tíma í vísitöluhúsinu samkv. útreikningi Hagstofu Íslands, svo sem hér segir:

Einbýlishús .....	3%
Tvíbýlishús og sambyggð einbýlishús á einni hæð .....	2%
Tveggja hæða íbúðarhús .....	2%
Fjölbýlishús .....	1.5%
Verslunar- og skrifstofubyggingar .....	2%
Iðnaðarhús, vörugeymslur og annað atvinnuhúsnæði .....	0.8%

Auk þessa gjalds skulu lóðarhafar greiða í gatnagerðargjöld kr. 50.00 af hverjum fermetra lóðar.

#### 2. gr.

Upphæð gatnagerðargjalds samkvæmt 1. gr. skal miðast við þá vísitölu, sem í gildi er við staðfestingu þessarar reglugerðar, og síðan við þá vísitölu, sem í gildi er. Þegar lagning bundins slitlags við hlutaðeigandi götu fer fram.

#### 3. gr.

Gatnagerðargjald samkvæmt 1. gr. skal greitt og falla í gjalddaga sem hér segir: Fyrsta greiðsla, sem nemur 20% gjaldsins, greiðist, er bundið slitlag hefur verið lagt á hlutaðeigandi götu.

Eftirstöðvarnar skulu greiðast með jöfnum afborgunum á næstu 4 árum og skal dagsetning gjalddaga vera sú hin sama og fyrsta greiðsla.

Lokagreiðslu þarf þó ekki að greiða fyrr en gangstétt er fullfrágengin.

#### 4. gr.

Gatnagerðargjaldið má taka lögtaki í viðkomandi fasteign og er það tryggt með lögveði í fasteigninni í næstu 2 ár eftir gjalddaga með forgangsveði fyrir hvers konar samningsveði og aðfararveði, án tillits til eigendaskipta.

Reglugerð þessi, sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Flateyrarhrepps, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51/1974 til þess að öðlast gildi þegar í stað.

*Félagsmálaráðuneytið, 15. mars 1976.*

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

*Skúli Sigurðsson.*

## REGLUGERÐ

### um starfstíma grunnskóla.

#### 1. gr.

Skólanefnd ákveður, innan marka þessarar reglugerðar og að fengnum meðmælum fræðsluráðs og fræðslustjóra, hver skuli vera árlegur starfstími grunnskóla, sbr. 41. gr. laga nr. 63/1974, um grunnskóla.

Fræðsluráð og skólanefnd ákveða hvort vera skuli 5 eða 6 daga skólavika í skólahverfinu.

#### 2. gr.

Árlegur starfstími grunnskóla skal vera sem næst því sem hér segir:

- a) 9 mánuðir ..... þ. e. frá 1. sept.—31. maí  
 b) 8½ mánuðir ..... þ. e. frá 15. sept.—31. maí